



## Vinnureglur Fjallabyggðar um töku orlofs

### Almennt

Kveðið er á um orlof og orlofsrétt starfsmanna í kjarasamningum við viðkomandi stéttarfélag, í lögum um orlof nr. 30 frá 27. mars 1987.

- Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.
- Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

### Ákvörðun orlofs

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns um hvenær orlof skuli veitt á sumarorlofstíma ef því verður við komið vegna þarfa sveitarfélagsins og/eða vinnustaðarins. Yfirmaður skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofstímabils hvenær það skal hefjast nema að sérstakar ástæður hamli.

- Starfsmenn skulu senda til næsta yfirmanns beiðni um orlofsdaga í gegnum viðveru- og tímaskráningarkerfið Vinnustund. Næsti yfirmaður staðfestir eða hafnar fyrirbyggjandi beiðnum.
- Allt orlof og öll fjarvera starfsmanna frá vinnustað á vinnutíma skal skráð í viðveru- og tímaskráningarkerfið.
- Fjallabyggð sem vinnuveitandi skal kappkosta að gera stjórnendum og starfsmönnum öllum kleift að taka fullt orlof á orlofstímabili og skipuleggja álag á milli starfa og verkefni samkvæmt því. Ekki er heimilt að kalla starfsmenn inn úr leyfi nema mikið liggi við eða trufla starfsmann í fríi nema nauðsyn krefur og er það þá næsti yfirmaður sem tekur ákvörðun um það.
- Meginreglan er að starfsmenn skulu taka orlof á tímabilinu 15. maí til 30. september.
- Heimilt er með samþykki næsta yfirmanns að flytja að hámarki 10 orlofsdaga á milli orlofstímabila.

### Aðrar leiðbeiningar

- Óheimilt er að greiða starfsmanni áunnið ótekið orlof nema við starfslok.
  - Ekki er heimilt að veita launalaust leyfi ef starfsmaður á inni orlofsstundir, nema sérstaklega standi á, s.s. vegna fjölskylduástæðna. Skal það ákvarðað fyrirfram ef aðstæður leyfa.
-



- Starfsmenn geta séð stöðu orlofsstunda sinna í Vinnustund uppfærða dag frá degi; *Sjálfsþjónusta - Leyfi*. Þar geta starfsmenn jafnframt fylgst jafnt og þétt með stöðu sinna orlofsstunda, með fyrirvara um að viðvera og fjarvera starfsmanna sé rétt skráð í Vinnustund á hverjum tíma, hvað varðar síðasta orlofsár en einnig fyrir ávinnslu nýs orlofsárs.

### **Bráðabirgðaákvæði:**

Þeir starfsmenn sem eiga mögulega uppsafnað áunnið ótekið orlof við gildistöku reglna þessara skulu leggja í síðasta lagi 15.10.2018 fyrir næsta yfirmann tillögu um töku orlofsdaga þannig að orlofsdagar verði í samræmi við reglur þessar. Starfsmaður og næsti yfirmaður gera samkomulag og áætlun um töku þess orlofs sem uppsafnað er.

Stefnt er að því að þann 30. apríl 2019 skulu starfsmenn Fjallabyggðar ekki eiga fleiri orlofsdaga en kveðið er á um í kjarasamningum og reglum þessum.

***Samþykkt á 165. fundi bæjarstjórnar þann 21. 9 2018.***

---